Lyfjamál 107

# Lyfjasala flokkuð eftir skráningarári lyfja

**Eggert Sigfússon**

Í LJÓSI NÝLEGRAR umræðu um ört vaxandi kostnað sjúkrahúsa vegna sjúkrahúslyfja (S-merktu lyfin) er vert að athuga hvernig dreifing lyfjasölunnar er eftir aldri lyfja á markaði. Í ljós kemur að lyf sem fengið hafa markaðsleyfi frá og með 1990 eru nú með helmingshlutdeild að magni til og um það bil ¾ verðmætisins. Þessi þróun er sérstaklega áberandi í krabbameinslyfjum, en í þeim flokki eru flest lyfin S-merkt. Þar tvöfaldaðist kostnaður milli áranna 2000 og 2001 (451 milljónir króna árið 2000 en 820 milljónir 2001). Hér eru súlurit sem sýna heildarsöluna frá 1989 til 2001 flokkaða eftir skráningarári lyfja.




Höfundur er deildarstjóri í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.